

ÚRSKURÐUR NR. 3/2011.

Kærð var tollverðsákvörðun Tollstjóra á bifreið af gerðinni Jeep Grand Cherokee árgerð 2001 sem flutt var til landsins. Kærandi krafðist þess að ákvörðun Tollstjóra verði felld úr gildi. Ríkistollanefnd staðfesti ákvörðun Tollstjóra.

Með bréfi til ríkistollanefndar dagsett þann 9. maí 2011, kærir A. úrskurð Tollstjóra nr. 3/2011. Í hinum kærða úrskurði er tollverð og álagningu aðflutningsgjalda af bifreið sem flutt var inn í sendingu S ARN 07 09 0 NL RTM S002. Bifreiðin er af gerðinni Jeep Grand Cherokee, árgerð 2001 skrásetningarnúmer AO R49. Tollverð var ákvarðað samkvæmt ákvæðum 65. og 66. gr. reglugerðar nr. 1100/2006 um vörslu og tollmeðferð vöru. Kærandi krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og tollverð endurskoðað og lækkað með hliðsjón af aldri og ástandi bifreiðarinnar.

I

Í hinum kærða úrskurði segir m.a. að kærandi hafi flutt inn búslóð og bifreiðina AO R49, sem sé af gerðinni Jeep Grand Cherokee Laredo 4x2, árgerð 2001, frá Los Angeles, þar sem hún hafði verið búsett í 12 ár. Kæranda hafi verið veitt heimild þann 9. september 2010 til tímabundins, tollfrjáls innflutnings bifreiðarinnar til 11. október 2010. Leyfið var síðar framlengt tvisvar, alls til 20. nóvember 2010. Aðflutningsskýrsla var lögð inn þann 16. september 2010. Enginn vörureikningur fylgdi skýrslunni. Með athugasemd, dags. 23. september 2010, var tollverð bifreiðarinnar metið og ákvarðað USD 4.500.- Þessari ákvörðun mótmælti kærandi með kæru, dags. 15. nóvember 2010. Tollstjóri rekur síðan málatilbúnað kæranda eins og gerð er grein fyrir honum í kæru hans til ríkistollanefndar og gerð verður nánari grein fyrir í kafla II. hér á eftir.

Þá segir í hinum kærða úrskurði að í 1. mgr. 14. gr. tollalaga nr. 88/2005 sé að finna meginreglu þess efnis að tollverð innfluttrar vöru sé viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð, sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna við sölu hennar til útflutnings til landsins með þeim leiðréttingum sem leiða má af ákvæðum 15. gr. laganna. Í reglugerð 1100/2006 um vörslu og tollmeðferð vöru sé nánar fjallað um tollverð vöru.

Vakin er athygli á því að hvorki liggi fyrir kaupsamningur né vörureikningur um bifreiðina. Í ákvæðum 57. – 62. gr. reglugerðarinnar sé mælt fyrir um hvernig tollverð vöru skuli ákveðið þegar viðskiptaverð vöru verður af einhverjum ástæðum ekki lagt til grundvallar. Meginreglan sé sú að leggja skuli til grundvallar viðskiptaverð sams konar vöru á sams konar viðskiptastigi, sem seld sé eða flutt inn á sama eða svipuðum tíma og varan, sem verið sé að virða, sbr. nánar 57. grein reglugerðarinnar.

Í samræmi við 2. mgr. 57. gr. reglugerðarinnar hafi embættið við innflutning notaðra bifreiða gert könnun á því hvort sambærilegar bifreiðar (bifreiðar sömu tegundar, undirtegundar og árgerðar) hafi verið fluttar inn á sama eða svipuðum tíma, þ.e.a.s. í þeim tilvikum, sem

embættið telur að ekki sé hægt að styðjast við framlagða reikninga eða ef viðskiptaverð liggur ekki fyrir eins og í þessu máli. Við ákvörðun fob-verðs bifreiðarinnar var kannað hvort innflutningur bifreiða af sömu tegund, undirtegund og árgerð hafi átt sér stað en svo reyndist ekki vera. Embætti Tollstjóra telur því að í þessu tilviki sé ekki unnt að beita ákvæðum 57. – 62. greinar reglugerðarinnar.

Þá segir í úrskurðinum að þegar ekki reynist unnt að ákvarða tollverð ökutækis á grundvelli 14. gr. tollalaga eða 57.- 61. gr. reglugerðarinnar beri að beita 62. gr. reglugerðarinnar. Tollverð skal vera viðmiðunarverð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund eins og það er tilgreint í bifreiðaskrá ríkisskattstjóra, reiknað út samkvæmt ákvæðum 66. gr., sbr. 65. gr. reglugerðarinnar. Því sé ekki hægt að fallast á kröfu kæranda um að tollverð verði ákvarðað í samræmi við upplýsingar sem hún aflaði sér á heimasíðunni „consumerguideauto.howstuff works.com.“ Flett var upp í bifreiðaskrá ríkisskattstjóra þann 1. febrúar 2011 en hún hafði síðast verið uppfærð þann 14. janúar 2010. Samkvæmt skránni var verð nýrrar bifreiðar af gerðinni Grand Cherokee Laredo 4000 cc 195 hö beinskipt, árgerð 2001, þá kr. 4.450.000.- en uppreiknað útsöluverð kr. 8.481.700.-. Síðan segir svo orðrétt í úrskurði Tollstjóra:

Samkvæmt 1. mgr. 66. gr. reglugerðar nr. 1100/2006 er líklegt fob-verð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund áætlað með þeim hætti að af útsöluverði ökutækisins skv. bifreiðaskrá er afreiknaður virðisaukaskattur, álagning seljanda sem skal áætluð 12%, vörugjald sem og áætluð fjárhæð gjalda þeirra sem innifalin eru í tollverði skv. 2. mgr. 15. gr. tollalaga.

Samkvæmt 2. mgr. 66. gr. ber svo að reikna út fyrning bifreiðarinnar sem er 1,5 % fyrir hvern byrjaðan mánuð í 12 mánuði, 1% fyrir næstu 24 mánuði og 0,5 % fyrir hvern mánuð eftir það þar til náð hefur verið 90% fyrningu sem er hámarksfyrning. Vegna aldurs bifreiðarinnar sé heildarfyrning 117% skv. útreikningi, en fyrning hennar var við mat tollverðs reiknuð með hámarksfyrningu þ.e. 90%. Samkvæmt þessum útreikningi reiknast tollverð bifreiðarinnar AOR49 kr. 500.264.- á eftirfarandi hátt:

Verð ökutækis	8.481.700.-
Virðisaukaskattur fráðreginn	1.723.373.-
Álagning fráðregin	724.106.-
Vörugjald fráðregið	2.064.339.-
Vátrygging fráðregin	58.668.-
Flutningsgjald fráðregið	113.055.-
Fyrning 90% fráðregin	3.418.343.-
Fob-verð	379.816.-
Flutningsgjald	113.055.-
Vátrygging	7.393.-
Tollverð	500.264.-

Aðflutningsgjöld reiknast alls kr. 457.804.- en þau fela í sér spilliefnagjald, kr. 3.000.-, vörugjald, kr. 260.137.- og virðisaukaskatt, kr. 194.667.-.

Embætti Tollstjóra telur að meta verði tollverð bifreiðarinnar skv. ákvæðum reglugerðar nr. 1100/2006, þar sem ekki liggur fyrir vörureikningur fyrir bifreiðina, sbr. útskýringar kæranda þar um.

Með hliðsjón af framansögðu er það mat embættisins að tollverð bifreiðarinnar AOR49 skuli reiknað eftir ákvæðum 65. og 66. gr. reglugerðar nr. 1100/2006 og endurreiknast tollverð hennar kr. 500.264.-

Tollstjóri úrskurðar skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005 með vísan til þess sem rakið er hér að framan að tollverð bifreiðarinnar AOR49 ákvarðast kr. 500.264.-.

II

Svo sem fram kemur í kærinni þá er kærandi mjög ósáttur við ákvörðun Tollstjóra um aðflutningsgjöld af bifreiðinni AO R49. Þar er ástandi hennar lýst þannig að um sé að ræða bifreið af árgerð 2001, sem sé ekki fjórhjóladrifin og ekin rúmlega 200.000 km. Þá segir að lakk hennar sé rispað og ryðguð beygla sé á hægra frambrettinu, framstuðarinn sé farinn að láta verulega á sjá, panill innan á hurð bílstjóramegin sé farinn að rifna og skipta þurfi um bremsur og leiðslu, sem stjórnar vökvafælði inn í vökvastýrið.

Kærandi kveðst hafa búið í Bandaríkjunum undanfarin 12 ár og hafa keypt bifreiðina þar fyrir rúmum sex árum. Þann 9. september flutti hann búslóð sína og bifreiðina hingað til lands. Hann kveðst ekki hafa tök á að nálgast reikning vegna kaupa á bifreiðinni vegna breyttra aðstæðna sinna og reyndar sé óvíst að hann sé enn til. Kærandi kveðst hafa notað heimasíðuna „consumerguideauto.howstuffworks.com“ til að komast að því hvert væri verð bifreiða af þessari gerð. Síða þessi sé talin áreiðanleg og óhlutdræg fyrir neytendur í Bandaríkjunum. Þar komi fram að bifreið þessarar gerðar og í því ástandi sem hún var hafi verið metin á \$ 1,800-2,200.

Þá segir í kærinni að Tollstjóri gefi almenningi kost á að nýta reiknivél á síðu sinni þ.e. tollur.is til að reikna út aðflutningsgjöld vegna innflutnings bifreiða. Kærandi kveðst hafa notað þessar forsendur þegar hann ákvað að flytja bifreiðina með sér hingað heim. Miðað við þær forsendur sem kærandi gaf sér var endanlegur kostnaður við að flytja bifreiðina hingað til lands 715.000 kr. Á þessum forsendum kveðst kærandi hafa ákveðið að flytja bifreiðina hingað ásamt búslóð sinni.

Kærandi kveðst hafa aflað upplýsinga frá bílasala hér á landi um að verðmat bifreiðar þessarar gerðar væri á bilinu 500-700 þús. kr. en þá sé átt við fjórhjóladrifnar bifreiðar af þessari gerð. Reyndar séu bifreiðar þessarar gerðar sem ekki séu fjórhjóladrifnar illseljanlegar. Í ljósi ástands bifreiðarinnar kveðst kærandi það hafa komið mjög á óvart að Tollstjóri hafi metið bifreiðina á \$ 4,500.

Að lokum mótmælir kærandi ákvörðun Tollstjóra á aðflutningsgjöldum á ofangreinda bifreið og fer fram á að gjöldin verði endurskoðuð.

III

Kæran var send Tollstjóra til umsagnar með bréfi þann 17. maí 2011. Í svari sem barst nefndinni þann 31. maí segir m.a. að ekki verði séð að kærandi hafi lagt fram ný gögn né málsástæður vegna málsins.

Tollstjóri áréttar hins vegar að við ákvörðun tollverðs bifreiðarinnar var við ákvörðun reiknað út og fyrnt eins og heimild sé til, eða um 90%, sbr. 66. gr. reglugerðar nr. 1100/2006 um vörslu og meðferð vöru. Að öðru leyti vísar hann til hins kærða úrskurðar og krefst þess að hann verði staðfestur.

IV

Umsögn Tollstjóra var send kæranda til umsagnar með ábyrgðarbréfi dags. 1. júní 2011. Kærandi svaraði í tölvupósti og bendir þar á að samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Bílgreinasambandsins sé söluverð á sams konar bifreið 659.000 kr. Í ljósi þess séu gjöldin sem Tollstjóri ákvarðar of há að mati kæranda, sérstaklega þar sem um sé að ræða bifreið sem flutt var inn með búslóð og sem hafi verið í eigu hans í yfir sjö ár. Kærandi ítrekaði jafnframt fyrri kröfur í málinu.

V

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og kynnt sér þau gögn, sem málsaðilar hafa lagt fram.

Eins og að framan er rakið snýst ágreiningur í máli þessu um ákvörðun tollverðs og álagningu aðflutningsgjalda á bifreið sem flutt var inn í sendingu S ARN 07 09 0 NL RTM S002, skrásetninganúmer AOR49. Bifreiðin er af gerðinni Jeep Grand Cherokee árgerð 2001. Tollstjóri ákvarðaði verð bifreiðarinnar samkvæmt 65. og 66. gr. reglugerðar nr. 1100/2006. Kærandi gerir þá kröfu að ofangreindur úrskurður verði felldur úr gildi og að ákvarðað tollverð sem og álögð aðflutningsgjöld endurskoðuð.

Í 4. lið 6.gr. tollalaga nr. 88/2005 er kveðið á um tollfrelsi þeirra sem flytja hingað til lands. Þar segir m.a.: „*Búslóð manna sem flytjast búferlum hingað til lands, enda hafi viðkomandi haft fasta búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár áður en hann fluttist til landsins. Tollfrelsi samkvæmt þessum lið tekur ekki til ökutækja eða annarra vélknúinna farartækja.*“ Samkvæmt tilvitnaðri lagagrein teljast ökutæki ekki til búslóðar og ber því að greiða aðflutningsgjöld af þeim þótt þau hafi verið í eigu viðkomandi um árabíl.

Fram kemur í kærinni að ekki er til reikningur fyrir kaupum á bifreiðinni. Í 14. og 15. gr. tollalaga nr. 88/2005 er kveðið á um tollverð og tollverðsákvörðun. Sé ekki hægt að beita þessum ákvæðum við ákvörðun tollverðs, ber skv. 16. gr. laganna að ákveða það á grundvelli reglugerðar, sem ráðherra setur, sbr. nú reglugerð nr. 1100/2006. Reglurnar mæla m.a. um hvernig tollverð skuli ákvarðað í þessum tilvikum og hverju skuli bæta við tollverð. Í VII. kafa reglugerðarinnar er sérákvæði um innflutning ökutækja greinar. 63 -70.

Nefndin hefur farið yfir forsendur og útreikning sem Tollstjóri lagði til grundvallar ákvörðun sinni. Einnig voru ljósmyndir og ýmis önnur gögn, sem Tollstjóri lagði fram könnuð, þ.á.m. útreikningur á aðflutningsgjöldum miðað við að viðmiðunarverð úr svokallaðri „Red Book“, væri lagt til grundvallar ákvörðunar tollverðs. Umrætt rit nota töllyfirvöld við öflun upplýsinga um verð á bifreiðum innfluttum frá Bandaríkjunum. Ljóst er að ef verð skv. upplýsingum úr nefndu riti, á samskonar bifreið með sama útbúnaði og hér er verið að fjalla um, hefði verið lagt til grundvallar þá hefði tollverð hennar orðið hærra en það verð, sem notað var við endanlegan útreikning hennar, þ.e. verð skv. bifreiðaverðskrá Ríkisskattstjóra. Þá verður ekki annað ráðið af ljósmyndum, sem teknar voru af bifreiðinni í tollvörugeymslu hérlendis, en að ytra útlit bifreiðarinnar sé þokkalegt þegar tillit er tekið til aldurs hennar og fyrirleggjandi upplýsinga og fyrri notkunar.

Af ofangreindum gögnum verður ekki annað ráðið en Tollstjóri hafi í hvívetna fylgt þeim reglum, sem um ákvörðun tollverðs af ökutækjum gilda þegar innflytjandi leggur ófullnægjandi upplýsingar fram um verðmæti þess við tollafgreiðslu. Með vísan til þess, sem

nú hefur verið rakið, er niðurstaða nefndarinnar sú að staðfesta beri úrskurð Tollstjóra um að tollverð bifreiðarinnar AO R49 skuli reiknað í samræmi við fyrirmæli 65. og 66. gr. reglugerðar nr. 1100/2006.

Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan úrskurð, með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 og reglugerðar nr. 1100/2006 um vörslu og tollmeðferð vöru, er hinn kærði úrskurður Tollstjóra nr. 3/2011 staðfestur.